

Kvæði um konur liðinna alda

stælt eftir

François Villon

Það er sjálfsagður hlutur að þegar Villon minnst í kvæði fornra kvenna og frægra sem nú eru löngu horfnar af sjónarsviðinu, nefnir hann þær til sem Frökkum voru kunnar úr sínum sögum og kveðskap. En oss yrðu þær ekki annað en nöfnin tóm. Þessvegna er kvæðinu hér bylt til og sett inn nöfn úr íslenskum sögum.

Ó grein þú mér eitt: Hvar á heimsins hring
mun Hallgerður nú, sú er vélti Gunnar,
og Gunnlöð, sem átti við Óðin þing
unz upp voru teygaðir Suttungs brunnar,
og Sigrún, og drambláta Sedentiana,
er Sigurði þögla leizt hverri betri,
og Hervör, sem vitjaði haugs meðal Dana?
Ja, hvar skal nú mjöllin frá liðnum vetri?

Og Guðrún, sem lagði á banabing
sinn bónda með firnum á Húnlandi sunnar,
og önnur hér nær, sem við íþrótt slyng
á örlagastundu lét garnvindur spunnar,
og Oddný, sem sturluð og yndisvana
lét undir sér teyma (svo stár í letri)
og harmaði vin sinn er hreppti bana?
Ja, hvar skal nú mjöllin frá liðnum vetri?

Og Ísodd hin bjarta, sem allt í kring
af ást hennar gerast nú sögur kunnar,
og Kráka – þó bæri hún klæðin ring
á konungsbeð leiddu' hana hjörva runnar,
og Gunnhildur drottning, og gýgurin Brana,
og Gyða, sem ekkja réð jarla setri,
og Hlöðvis dóttir í hami svana?
Ja, hvar skal nú mjöllin frá liðnum vetri?

Nú hugsa þú málið og hirð ekki' að flana
ef hyggst þú að svara því spurningartetri,
og nú skalt þú enn fá að heyra hana:
Ja, hvar skal nú mjöllin frá liðnum vetri?

(Published in Jón Helgason's collection of poetry in translation: *Tuttugu erlend kvæði og einu betur*, Reykjavík: Heimskringla 1962. pp. 25-27)